

# 25

## Kristið líferni

Orð Guðs útskýrir ekki aðeins fagnaðarerindið fyrir okkur heldur kennir Biblían manni hvernig lifa skuli lífinu í samræmi við það. Þegar við tökum á móti Kristi verðum við „fulltrúar Krists.“ Sem slíkir erum við lifandi vitnisburður um nærveru Guðs í lífi okkar. Fólk þarf að sjá Krist í lífi okkar. Þetta getur aðeins orðið fyrir áhrif Heilags Anda í lífi okkar og það tekur tíma. Í þessu verkefni munum við rannsaka hverjar þessar biblíulegu meginreglur eru.

**1. Hvað biður Páll hinum trúðu í Korintu að gera? Rómverjabréfið 12.2**

---

**2. Hvað kennir Jóhannes varðandi heiminn? 1 Jóhannesarbréf 2.15**

---

**3. Á hvaða þrem sviðum bendir Jóhannes okkur sérstaklega að vera á verði?**

1 Jóhannesarbréf 2.16

- a. \_\_\_\_\_
- b. \_\_\_\_\_
- c. \_\_\_\_\_

*Ath. Það sem maður gerir einungis með sinn eigin hag í huga er heimshyggja. Hvötin að baki verka okkar er Guði mikilvæg því hún skilgreinir hvort verk okkar eru góð eða vond.*

**4. Er „heimshyggja“ aðeins einkenni vantrúaðra? 1 Korintubríf 3.1-3**

---

**5. Hvað annað sýnir syndugt eðli eða það að lifa „í heiminum“? Galatabréfið 5.19-21**

---

---

*Ath. Helgun er ferli sem tekur tíma. Í þessu ávarpi er Páll að tala við söfnuðinn í Korintu sem hann leiddi til Krists tíu árum áður. Hann er að segja þeim að núna ættu þeir að hafa þroskast sem kristnir einstaklingar.*

**6. Hvernig vöxum við og verðum fullþroska í Kristi? Galatabréfið 5.16-18**

---

## 25-2

*Ath. Við lifum „í Andanum“ með því að eiga náð sambandi við Guð í bæn, lesa orð hans og beygja daglega hjarta okkar og líf undir vilja hans. Það er einungis þá sem að Andinn heldur áfram að vinna í okkur.*

*„Þeir sem veita Jesú rúm í hjarta sínu munu skynja kærleika hans. Allir sem þróa að endurspegla lyndiseinkunn Guðs munu fá ósk sína uppfyllta. Heilagur andi lætur aldrei bregðast að hjálpa þeim sem leitar Jesú. Hann tekur það sem Krists er og opinberar það honum. Ef við beinum sjónum okkar til Krists linnir andinn ekki starfi sínu fyrr en við höfum ummyndast til líkingar við Krist.“ Þrá aldanna, bls. 219.*

### **7. Hverjir eru sumir af eiginleikum Andans sem lifir hið innra með okkur?**

Galatabréfið 5.22-25

---

*Ath. Margar leiðbeiningar Biblíunnar voru samofnar menningu þess tíma. Í 2 Tímóteusarbréfi 2.8-10 er ritað að konur skuli ekki flétta hár sitt. Hvað er rangt við það? Á dögum Páls voru það aðeins skækjur sem fléttuðu hárið og báru dýra skartgrip. Páll var í rauninni að segja að Guðs börn ættu ekki að klæðast eins og gleðikonur. Þótt að sumar reglur Biblíunnar séu takmarkaðar við tímann sem þær voru skrifaðar á eru þær alltaf byggðar á meginreglum sem eru algildar. Meginreglan nær til hinna ýmsu menningarheima og stenst tímans tönn. Þetta er kjarni málsins. Í þessu námsefni munum við líta á grundvallar meginreglur.*

### **Fimm grundvallar meginreglur fyrir kristið líferni**

**1. Hvötin – Hvers vegna gerirðu það sem þú gerir? Fyrir sjálfa(n) þig einungis, eða fyrir dýrð Guðs og aðra?** 2 Korintubríf 5.14-15

**2. Sambönd – Þú setur aðra og þarfir þeirra ofar þínum eigin.** 1 Korintubríf 10.24; 1 Korintubríf 9.22

**3. Forgangsröðun – Hvort er mikilvægara, hið ytra eða hið innra? Eyðum við meiri tíma í ytra skraut eða að rækta kristnar dyggðir?** 1 Tímóteusarbréf 2.8-10; Kólossubríf 3.1-2; 1 Pétursbréf 3.3-4

**4. Stöðuglyndi – Erum við sjálfum okkur samkvæm í hegðun? Geta aðrir treyst okkur? Segjum við eitt en gerum annað?** Matteus 23.1-3

**5. Einfaldleiki – Í stað þess að leyfa áhyggjum og hlutum heimsins að íþyngja okkur skulum við frekar sækjast eftir feegurð hins hógværa og kyrrláta anda.** Lúkas 12.15

*Samantekt: Það er verk Guðs að leiða okkur til að ná þeim staðli sem hann setur. Okkar hlutverk er aðeins að leita ætíð til hans eftir kærleika, játa fyrir honum syndir okkar og biðja um fyrirgefningu og náð, styrk og kraft. Þá heldur hann áfram að vinna í okkur svo að aðrir megi sjá hann í okkur og dragast að honum. Í staðinn lifum við tilgangsríku lífi og höfum góð, jákvæð áhrif á aðra og okkur sjálf.*

# Svör við nr. 25

Spurning 1 – Að hegða sér ekki lengur að hætti heimsins

Spurning 2 – Að elska ekki heiminn

Spurning 3 – a – fýsn holdsins  
b – fýsn augnanna  
c – auðæfa-oflæti

Spurning 4 – Nei

Spurning 5 – Frillulífi, óhreinleiki, saurlífi, skurðgoðadýrkun, fjölkynngi [galdrar], fjandskapur, deilur, metingur, reiði, eigingirni, tvídrægni, flokkadráttur, öfund, ofdrykkja og svall

Spurning 6 – Með því að lifa í andanum

Spurning 7 – Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og bindindi